

Aðalfundarályktun lækna ráðs Landspítala 27. maí 2016

Þakklæti til velunnara og skjólstæðinga Landspítalans

Aðalfundur Lækna ráðs Landspítala haldinn 27. maí 2016 vill koma á framfæri þakklæti til allra velunnara Landspítalans, sem stutt hafa uppbyggingu og framþróun á sjúkrahúsinu með óeigingjörnu framlagi í þágu lækninga og annarrar meðferðar.

Framlög heilbrigðisyfirvalda til innviðauppyggingar í heilbrigðiskerfinu hafa undanfarin ár verið með því lægsta sem gerist í OECD – löndunum og vermir Ísland næst neðsta sætið í opinberum stuðningi við innviðafjárfestingar í heilbrigðisþjónustu. Án stuðnings félagasamtaka, einstaklinga og fyrirtækja í landinu við kaup og endurnýjun lækningatækja og endurnýjunar á húsbúnaði og húsnæði hefði ekki verið hægt að ná þeim góða árangri í meðferð og lækningum alvarlega sjúkdóma sem raun ber vitni.

Undanfarið ár hefur einkennst af umróti og truflunum á starfsemi spítalans bæði í kjaradeilum og vegna mikils álags á sjúkrahúsið. Lækna ráð Landspítala metur mikils þá þolinmæði sem skjólstæðingar sjúkrahúsins hafa sýnt á þessum erfiðu tímum og vonast til að í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld verði hægt að efla þjónustu sjúkrahúsins með framþróun og umhyggju og velferð sjúklinga að leiðarljósi.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



Aðalfundarályktun lækna ráðs Landspítala 27. maí 2016

Landspítalinn – framhaldsmenntun lækna

Aðalfundur Lækna ráðs Landspítala haldinn 27. maí 2016 fagnar áföngum sem náðst hafa í framhaldsmenntun lækna Íslandi. Læknar geta í vaxandi mæli stundað að hluta til eða öllu leyti framhaldsnám í sérgreinum læknisfræðinnar á Íslandi. Reyndir deildarlæknar í framhaldsnámi gegna mikilvægu hlutverki í læknisþjónustu og starfsemi spítalans. Lækna ráð Landspítala hvetur lækna Landspítalans og sérgreinafélög lækna til að leggja sitt af mörkum í frekari framþróun og skipulagningu framhaldsnáms og stjórnendur Landspítalans og stjórnvöld til beita sér fyrir nauðsynlegri fjármögnun, sem er forsenda áframhaldandi uppbyggingar.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is



Aðalfundarályktun lækna ráðs Landspítala 27. maí 2016

Landspítalinn – háskólastofnun, vísindasamfélag og nýsköpun

Aðalfundur Lækna ráðs Landspítala haldinn 27. maí 2016 vill vekja athygli heilbrigðis- og menntamálayfirvalda á árangri lækna og vísindamanna Landspítalans á undanförunum árum og verðskuldaðri athygli sem rannsóknir og nýsköpun þeirra og samstarfsaðila hafa vakið á alþjóðavettvangi. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að það sem einkennir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir í fremstu röð er vel heppnað samspil lækniþjónustu, kennslu, starfsþjálfunar og vísindastarfs. Stjórnvöld eru því hvött til að tryggja nauðsynlegt fjármagn og hlúa að möguleikum Landspítalans til að efla þessa þætti með fræða- og nýsköpunaráttaki á Landspítala á komandi árum.

LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALA

Skrifstofa lækna ráðs Landspítala • Hringbraut • 101 Reykjavík • Sími: 543 1180 •

netfang: laeknarad@landspitali.is

Aðalfundarályktun lækna ráðs Landspítala 27. maí 2016

Breytingar á lögum um sjúkratryggingar - kostnaðarhlutdeild sjúklinga

Aðalfundur lækna ráðs Landspítala haldinn 27. maí 2016 telur að gott aðgengi að læknisþjónustu án tillits til efnahags sé grundvöllur góðs árangurs sem náðst hefur í íslensku heilbrigðiskerfi og fagnar áformum um að lækka kostnað sjúklinga sem mest greiða í dag. Lækna ráð Landspítala tekur undir að útgjöld sjúklinga í alvarlegum og langvarandi veikindum séu of há.

Aðalfundurinn bendir á að í frumvarpi til laga um hámarksgreiðslur sjúkratryggðra og þjónustustýringu, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi náist ekki þau markmið að verja sjúklinga og heimilin í landinu fyrir miklum útgjöldum í veikindum, heldur sé verið að færa kostnað á milli sjúklingahópa sem sé óviðunandi úrlausn.

Lækna ráð Landspítala telur að tillögur að greiðslufyrirkomulagi í fyrirbyggjandi frumvarpi geti tafið að sjúklingar leiti sér lækninga með auknum kostnaði bæði fyrir sjúklinga og samfélagið við meðferð á síðari stigum. Við slíku beri að sporna.

Slíkar meðferðartafir ganga að mati lækna ráðs Landspítala gegn lýðheilsumarkmiðum forvarna og snemmgreiningu sjúkdóma sem í flestum tilfellum eru grundvöllur betri meðferðarárangurs og lækninga.